Rannsóknarspurningin er lykilþáttur í verkefnavinnu.

Fyrir nemendur:

- Leiðir þá áfram í verkefnavinnu.
- Kveikir áhuga eða skorar á þá.
- Minnir þá á, hvers vegna þeir eru að vinna verkefnið.

Fyrir kennara:

- Heldur utan um skipulag og skapar vettvang fyrir námsmarkmið og hugmyndir.
- Heldur utan um og lýsir tilgangi verkefnis.
- Hrindir af stað rannsókn og beinir athyglinni að rannsókninni í verkefnavinnu.

Viðmið fyrir rannsóknarspurningu:

- Hún þarf að vera aðlaðandi fyrir nemendur.
- Þeir þurfa að skilja spurninguna og þeir þurfa að geta tengt við hana.
- Engin rannsóknarspurning nær að hrífa alla nemendur en gott upphafsatriði ætti að ná þeim sem rannsóknarspurningin nær ekki.
- Hún þarf að vera opin. Ef svarið má finna með google, passar spurningin ekki fyrir verkefni sem á að standa yfir í langan tíma. Ef hægt er að finna svar á google á tíu mínútum þarf að umorða lykilspurninguna.
- Spurningin ætti að bjóða upp á að hver og einn nemandi hafi sitt svar við henni og hvetja þá til rannsóknar.
- Rannsóknarspurningu er ekki hægt að svara einungis með já eða nei s.s. er stríð réttlætanlegt? Hún kallar á rannsókn, ígrundun og rökstuðning.
- Hún þarf að taka mið af markhópnum sem henni er ætlað að þjóna.

Dæmi um rannsóknarspurningar sem hægt er fá svar með því að nota google:

- Hvaða tré vaxa í samfélaginu?
- Hvað er hollur matur?
- Hver eru aðal listform nútímalistar?

Dæmi um opnar spurningar sem bjóða upp á ólíka möguleika í rannsóknarferli og afurð verkefnis:

- Hvernig getum við búið til leiðsöguhandbók um tré í samfélaginu?
- Skiptir máli hvernig mat við borðum?
- Hvernig getum við útbúið sýningu sem lýsir sögu nútímalistar?

Þrjár leiðir til að semja rannsóknarspurningu:

a) Beina athyglinni að heimspekilegum málum/ágreiningsmálum eða forvitnilegum athugunarefnum.

Yngri nemendur:

Hver er hetja?

Hvað merkir það að vera góður vinur?

Eldri nemendur:

Hvenær er stríð réttlætanlegt?

Er hægt að treysta DNA í sakamálaréttarhöldum?

Ætti ritskoðun að eiga sér stað í samfélaginu?

b) Tilgreina afurð sem á að skapa, viðfangsefni sem á að vinna að eða mál sem á að leysa.

Yngri nemendur:

Hvernig getum við búið til myndabók um lífríki dýra í bænum?

Hvernig getum við þróað viðskiptaáætlun sem laðar að fjárfesta?

Nemendur læra um efnið um leið og þeir vinna að verkefninu sínu.

Samþætt verkefni, náttúrufræði, íslenska, myndlist.

Viðfangsefni, myndskreytt bók, munnlegar kynningar, rannsóknardagbækur. Bækurnar gætu svo jafnvel verið til sýnis í ráðhúsi bæjarins í lok verkefnis.

Eldri nemendur:

Hvernig getum við fundið upp arinkubb sem brennur í litríkum logum en er umhverfisvænn?

Hvernig getum við hannað nýjan skemmtigarð?

c) Bæta við hlutverki fyrir nemendur sem tengist raunveruleikanum.

Hvernig getum við sem læknanemar greint sjúkling og ráðlagt bestu meðferð?

Hvernig getum við sem byggingaverkfræðingar, hannað og prófað brúarlíkan fyrir göngubrú yfir á?

Hvernig getum við sem leiðsögumenn, skipulagt gönguferð um almenningslistaverk í bænum?

d) Fleiri dæmi um rannsóknarspurningar:

Hvernig getum við búið til veggmynd sem lýsir samfélaginu okkar í dag og áður fyrr?

Hvernig getum við rekið flóamarkað sem gengur vel í skólanum okkar?

Hvernig getum við hannað vefsíðu til að deila ljóðunum okkar með heiminum?

Hvernig mótar æska okkar, okkur sem unglinga?

Hversu grísk erum við?

Hvernig getum við sem framkvæmdarstjórar NBA liðs, valið bestu leikmennina til að vinna meistaratitilinn?

Hvernig getum við sem verkfræðingar, hannað brú yfir á?

Hvers vegna eru fjöll og dalir hér?

Hverjar eru hetjurnar í okkar samfélagi og hvernig getum við sagt sögu þeirra?

Hvernig getum við hjálpað litlum fyrirtækjum að auglýsa sig?

Hvernig getum við búið til vefsíðu þar sem við getum mælt með bókum fyrir ungt fólk í samfélaginu okkar?

Hvernig getum við búið til myndabók um lífríki dýra í bænum?

Hvernig getum við þróað viðskiptaáætlun sem laðar að fjárfesta?

Athugið að "Hvernig getum við..." rannsóknarspurningar eru algengari meðal yngri nemenda, eldri nemendur ráða betur við heimspekilegri spurningar.
Þegar nemendur eru orðnir vanir verkefnamiðuðum vinnubrögðum geta þeir sjálfir hannað rannsóknarspurningar með með hæfniviðmið, skilning og lykilhæfni í huga. Þetta á við um yngri og eldri nemendur, yngri gætu þá hannað sína rannsóknarspurningu í samráði við kennara.

Form til að auðvelda hönnun rannsóknarspurningar

Val	Val	Val	Val
Hvernig get/getum...	ég við	byggt.. búið til.. skapað..	Raunverulegt vandamál
Hvernig.....	við sem, (hlutverk, starf)	hannað.. skipulagt..	Fyrir fólk
Ætti....	bær borg	leyst..	Fyrir skólann
Gæti....	sýsla landshluti þjóð	skrifað..	Fyrir bekkinn
Hvað....	samfélag samtök	koma með tillögu.. ákveðið..	Fyrir fólk á netinu